



Álit forsætisnefndar Alþingis,
sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Forsætisnefnd hefur lokið máli um meint brot þingmanna á siðareglum fyrir alþingismenn, sem lýtur að hátterni á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018, með meðfylgjandi álit. Er þar farið yfir erindið sem barst forsætisnefnd, málsatvik, málsmeðferð nefndarinnar, álit siðanefndar í málinu og niðurstöðu forsætisnefndar.

1. Erindið og málsatvik.
2. Málsmeðferð forsætisnefndar.
 - 2.1. Forsætisnefnd, skipuð 7. og 8. varaforseta, tekur við málinu.
 - 2.2. Álit siðanefndar um gildissvið siðareglna.
 - 2.3. Álit siðanefndar um gildissvið siðareglna lagt til grundvallar og hátterni þingmanna afmarkað.
 - 2.3.1. Ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur.
 - 2.3.2. Ummæli Bergþórs Ólasonar.
 - 2.3.3. Ummæli Gunnars Braga Sveinssonar.
 - 2.3.4. Ummæli Karls Gauta Hjaltasonar.
 - 2.3.5. Ummæli Ólafs Ísleifssonar.
 - 2.3.6. Ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.
 - 2.3.7. Frumkvæði að stuðningi við siðareglur.
 - 2.3.8. Athugasemdir við afmörkun forsætisnefndar.
 - 2.3.9. Afmörkun málavaxta byggja á fjölmiðlaumfjöllun.
 - 2.4. Álit siðanefndar um hátterni þingmannanna á veitingastofunni Klaustri.
 - 2.5. Viðbrögð þingmanna við álit siðanefndar.
3. Niðurstaða forsætisnefndar.
 - 3.1. Um hlutverk forsætisnefndar og málsmeðferðina.
 - 3.2. Grundvöllur málsins og heimild forsætisnefndar til að byggja á fjölmiðlaumfjöllun.
 - 3.3. Þýðing staðfestingar á að þingmaður hafi kynnt sér siðareglur fyrir alþingismenn.
 - 3.4. Athugasemdir þingmanna við álit siðanefndar frá 5. júlí 2019.
 - 3.5. Niðurstaða forsætisnefndar um einstök ummæli.
 - 3.6. Ályktunarorð.

1. Erindið og málsatvik.

Hinn 3. desember 2018 barst forsætisnefnd Alþingis erindi átta þingmanna, dagsett sama dag um meint brot þingmannanna Önnu Kolbrúnar Árnadóttur (AKÁ), Bergþórs Ólasonar (BÓ), Gunnars Braga Sveinssonar (GBS), Karls Gauta Hjaltasonar (KGH), Ólafs Ísleifssonar (ÓÍ) og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (SDG) á siðareglum fyrir alþingismenn. Lýtur erindið að því að þau hafi á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 rætt „um aðra þingmenn og fleira fólk með ósæmilegum og niðrandi hætti eins og greint [hafi] verið frá í fjölmiðlum“. Vísað er til þess að erindið snúist um að forsætisnefnd fjalli um hvort efni samtala þingmannanna, sem tekin voru upp af öðrum gestum, dreift til fjölmiðla og hafa verið gerð opinber, „brjóti í bága við siðareglur alþingismanna“. Óskað var sérstaklega eftir því að forsætisnefnd kannaði hvort efni samtalanna stangaðist á við a-, c-, d-, e- og f-lið 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Loks var í erindinu óskað eftir því að kannað yrði hvort samtölin, sem hefðu verið gerð opinber og snerust um skipan sendiherra Íslands, sýndu fram á brot á 11. og 12. gr. siðareglanna.

Miðvikudaginn 28. nóvember 2018, kl. 18:30, hóf vefútgáfa vikublaðsins DV umfjöllun um hátterni AKÁ, BÓ, GBS, KGH, ÓÍ og SDG á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018, byggða á hljóðupptökum af samtölum þingmannanna. Skömmu síðar, kl. 19:10 sama dag, hóf vefútgáfa vikublaðsins Stundarinnar umfjöllun sína byggða á hljóðupptökum af samtölunum. Umfangsmikil umfjöllun varð um málið sama dag og næstu daga í þessum sem og í öðrum fjölmiðlum. Er þar almennt vísað til hljóðupptaka sem borist hefðu Stundinni og DV frá ónafngreindum einstaklingi, sem síðar kom fram undir nafni 7. desember 2018. Í umfjöllun miðlanna eru ýmist tekin beint upp ummæli þingmannanna, lýst efni samtalanna, þátttöku hvers þeirra um sig í þeim og greint frá viðbrögðum þeirra. Jafnframt því voru birt hljóðbrot úr samtölum þingmannanna. Vefritið Kvennablaðið hefur í umfjöllun sinni einnig tekið beint upp og rakið ummæli sexmenninganna og annarra þingmanna umrætt sinn í útgáfum sínum 29. nóvember til 7. desember 2018. Í umfjöllun annarra fjölmiðla er einnig greint frá viðbrögðum einstaklinga sem fjallað er um á upptökunum og leitað áhlits annarra stjórnámálanna og fræðimanna á hátterni umræddra þingmanna.

Til viðbótar við framangreint liggur fyrir um málavexti að í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, 19. desember 2018 í máli nr. V-17/2018, þar sem fjallað var um kröfu AKÁ, BÓ, GBS og SDG á hendur Báru Halldórsdóttur, um að fram færu vitnaleiðslur og öflun sýnilegra sönnunargagna um atvik sem urðu 20. nóvember 2018 á veitingastofunni Klaustri, er rakið að í kröfu sóknaraðila komi fram að þeir hafi setið á veitingastofunni „á bilinu frá 18:45, 20. nóvember sl. til 01:00 aðfaranótt 21. nóvember“. Þann 20. nóvember 2018 var þingfundi slitið kl. 21:36. Ljóst er að á veitingastofunni Klaustri sátu þáverandi formaður og varaformaður þingflokks Flokks fólksins og formaður, varaformaður og ritari þingflokks Miðflokksins auk formanns flokksins. Af umfjöllun Kvennablaðsins 30. nóvember 2018, „Spillingin

heitir tryggð“, þar sem rakin eru ummæli á hljóðupptökunum má ráða að meginefni umræðunnar hafi snúist um að fá KGH og ÓÍ til liðs við þingflokk Miðflokksins.

Bára Halldórsdóttir veitti skrifstofu Alþingis aðgang að hljóðupptökum af veitingastofunni Klaustri með tölvupósti 9. desember 2018. Í úrskurði Persónuverndar í máli nr. 2018/1741 kemur fram að tímalengd hljóðupptakanna hafi verið tæpar fjórar klukkustundir. Af fjölmiðlaumfjöllun, sbr. Morgunblaðið 5. desember 2018, bls. 10, og bréfi KGH og ÓÍ, dags. 3. maí 2019, má ráða að AKÁ, KGH og ÓÍ hafi farið af veitingastofunni Klaustri á undan BÓ, GBS og SDG.

2. Málsmeðferð forsætisnefndar.

2.1. Forsætisnefnd, skipuð 7. og 8. varaforseta, tekur við málinu.

Með bréfum forsætisnefndar, dags. 24. janúar 2019, var þingmönnum sex tilkynnt að 7. og 8. varaforseti hefðu tekið við málinu í samræmi við kosningu á þingfundi 22. janúar 2019 þar sem forseti og allir varaforsetar hefðu sagt sig frá meðferð þess vegna vanhæfis. Í bréfinu var þingmönnum jafnframt veittur kostur á að koma að athugasemdum við málsmeðferð málsins. Í bréfi KGH og ÓÍ frá 31. janúar 2019 voru settar fram athugasemdir um undirbúning og aðdraganda að kosningu varaforsetanna tveggja, kosningu þeirra, verksviði hinnar tímabundnu forsætisnefndar og framhald málsins. Í tölvupósti AKÁ, BÓ, GBS og SDG frá 1. febrúar 2019 er efni bréfs þeirra til forseta Alþingis frá 22. janúar 2019 ítrekað, því haldið fram að kosning varaforseta hefði verið andstæð siðareglum og lögum og 7. varaforseti sagður vanhæfur í málinu vegna innleggs á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Með bréfi forsætisnefndar, dags. 4. febrúar 2019, var fyrirspurnum í bréfi KGH og ÓÍ frá 31. janúar svarað og málgögn afhent. Með bréfi forsætisnefndar til AKÁ, BÓ, GBS og SDG, dags. 4. febrúar 2019, var fyrirspurn um vanhæfi 7. varaforseta svarað og málgögn afhent. Með bréfi, dags. 4. febrúar 2019, óskaði forsætisnefnd eftir álitum siðanefndar, sbr. 3. másl. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. mgr. 4. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn (málsmeðferðarreglur), á því hvort háttarni umræddra þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 félli undir opinbera framgöngu þeirra og snerti skyldur þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa, sbr. 2. gr. siðareglanna.

Í bréfi KGH og ÓÍ, dags. 6. febrúar 2019, er því andmælt að þeim hafi ekki verið veittur kostur á að gera athugasemd við hæfi nefndarmanna í siðanefnd og varaforseta. Þá hafi fjölmörgum spurningum þeirra verið ósvarað um kosningu tveggja varaforseta og óskað var svara um gerð endurrits hljóðupptaka. Einnig var óskað eftir fundi með 7. og 8. varaforseta. Í bréfi KGH og ÓÍ, dags. 7. febrúar 2019, var ítrekuð ósk um fund og athugasemdir gerðar við ummæli í uppritun hljóðupptaka. Með bréfi forsætisnefndar, dags. 7. febrúar, var AKÁ, BÓ, GBS, KGH, ÓÍ og SDG gefinn kostur á að gera athugasemdir við hæfi nefndarmanna í siðanefnd og

forsætisnefnd. Í bréfi forsætisnefndar til KGH og ÓÍ var einnig að finna svör við fyrirspurnum þeirra úr fyrri bréfum.

Í bréfi KGH og ÓÍ, dags. 11. febrúar 2019, var þess krafist að forsætisnefnd héldi sig við upprunalegt kvörtunarefni, að upplýsingar yrðu veittar um tilurð uppritar hljóðupptaka, að endurritið yrði leiðrétt, gerðar athugasemdir við heimild forsætisnefndar til að dreifa skjali sem geymdi óhróður um einstaka menn og þess krafist að endurritið yrði afturkallað. Með bréfi, dags. 14. febrúar 2019, lýstu KGH og ÓÍ siðanefnd og 7. og 8. varaforseta vanhæfa til að fjalla um málið. Einnig voru gerðar athugasemdir við bréf varaforseta til siðanefndar, ummæli 7. varaforseta á vettvangi Norðurlandaráðs, ályktunarþæfni forsætisnefndar og að 7. og 8. varaforseti hefðu tekið við fyrirmælum frá vanhæfni forsætisnefnd. Ítrekuð var ósk um fund með forsætisnefnd. Í svarbréfi forsætisnefndar, dags. 21. febrúar 2019, var vísað til þess að málið væri á frumstigi og að forsætisnefnd ætti eftir að meta framhald málsins að fengnu álitum siðanefndar. Vanhæfi 7. varaforseta var hafnað þar sem í ummælum hennar á vettvangi Norðurlandaráðs hafi ekki falist afstaða til háttarnis sexmenninganna og ummælin yrðu heldur ekki skilin sem óvild. Því var hafnað að ákvæði stjórnáslulaga ættu við um ályktunarþæfni forsætisnefndar og vísað var til þingskapalaga. Beiðni um fund var hafnað og þess óskað að athugasemdir KGH og ÓÍ bærust skriflega. Í bréfi KGH og ÓÍ, dags. 1. mars 2019, var brugðist við bréfi forsætisnefndar frá 21. febrúar 2019 og fjallað um endurrit hljóðupptaka, óljósar sakargiftir, ítrekuð ósk um tilurð endurrits og fund með forsætisnefnd.

Með bréfi AKÁ, BÓ, GBS og SDG, dags. 14. febrúar 2019, var því haldið fram að 7. varaforseti og siðanefnd væru vanhæf til meðferðar málsins sem og skrifstofustjóri Alþingis og allt hans starfsfólk. Öllu sem haft var eftir þeim í endurritinu var hafnað og allra málsgagna krafist. Í svarbréfi forsætisnefndar, dags. 21. febrúar 2019, var vanhæfi 7. varaforseta hafnað með sömu rökum og greint var frá hér að framan. Í bréfinu var lögð áhersla á að málið væri á frumstigi og að forsætisnefnd ætti eftir að meta framhald málsins að fengnu álitum siðanefndar. Bent var á að öll gögn hefðu verið afhent sem hægt væri að afhenda á þessu stigi málsins. Vanhæfi skrifstofustjóra Alþingis var einnig hafnað þar sem hann hefði ekki tekið opinbera afstöðu til málsins.

Forsætisnefnd sendi þingmönnum sex bréf, dags. 6. mars 2019, þar sem upplýst var að málið mundi tefjast en niðurstaða siðanefndar um gildissvið siðareglna mundi liggja fyrir eftir miðjan marsmánuð.

2.2. Álit siðanefndar um gildissvið siðareglna.

Álit siðanefndar Alþingis um gildissvið siðareglna barst forsætisnefnd með bréfi formanns nefndarinnar 25. mars 2019. Við afmörkun þess álitaefnis hvort siðareglur fyrir alþingismenn ættu við um úrlausnarefnið tók nefndin fram að slíkt réðist „af því hvort um „opinbera framgöngu“ í skilningi reglnanna [væri] að ræða.

Sömuleiðis [ráðist] það af inntaki þess að reglurnar „taki til starfa“ alþingismanna, feli í sér „viðmið um háttarni þeirra“, „snerti skyldur þeirra“ og „leiði af hlutverki þeirra“ sem þjóðkjörinna fulltrúa“.

Eftir að hafa rakið nánar sjónarmið er lúta að hlutverki þjóðkjörinna fulltrúa og viðmið um háttarni þeirra við opinbera framgöngu í skilningi siðareglna, skýringargögn við ályktun Alþingis um siðareglur fyrir alþingismenn og um breytingu á þeim, benti meiri hluti siðanefndarinnar á að hugtakið *opinber framganga* væri þrjúþætt. „Í fyrsta lagi vísi það til háttarnis sem fram fari á opinberum vettvangi. Í öðru lagi, með hliðsjón af tilvísun 1. og 2. gr. reglnanna til alþingismanna og þjóðkjörinna fulltrúa, hafi það skírskotun til stöðu þingmanna sem opinberra persóna. Í þriðja lagi vísi það til þess að háttarnið varði almenning, þ.e. sé opinbert málefni.“ Í niðurstöðu álitsins er komist að eftirfarandi niðurstöðu:

„Staða þingmanna sem þjóðkjörinna fulltrúa skiptir máli við mat á því hvort siðareglur alþingismanna gildi um það háttarni sem erindi forsætisnefndar lýtur að. Alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi. Sem slíkir njóta þeir sérstakra réttinda og bera skyldur umfram aðra, þar á meðal þær sem þeir hafa sett sér í siðareglum sínum. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að háttsemiskröfur siðareglanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Þær taki ekki aðeins til eiginlegra starfa þingmanna heldur geti þær gilt um aðra hegðun eða háttarni, innan sem utan Alþingis, sem leiða meggi af hlutverki þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa.

Siðareglur alþingismanna gilda um opinbera framgöngu alþingismanna. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að mat á því hvort tiltekin háttsemi falli undir gildissvið siðareglanna snúist um það hvort um framgöngu opinberra persóna á opinberum stað sé að ræða og að hún varði almenning. Það er mat meiri hluta siðanefndar að allir framangreindir þættir eigi við um þá háttsemi sem forsætisnefnd vísar til í erindi sínu. Alþingismenn eru opinberar persónur, sú háttsemi sem um ræðir átti sér stað á opinberum vettvangi og tengist málum sem hafa verið áberandi í þjóðfélagssumræðunni. Þar sem háttarnið varðar almenning verður ekki litið á þau atvik sem hér um ræðir sem einkasamtal.

Meiri hluti siðanefndar vill áréttta að með þessu er ekki veitt álit á því hvort um brot á siðareglum er að ræða.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er það niðurstaða meiri hluta siðanefndar að háttarnið sem erindi forsætisnefndar lýtur að falli undir gildissvið siðareglna.“

Í niðurstöðu minni hluta siðanefndar er vakin athygli á ákveðnum efasemdum um gildissviðsákvæði siðareglanna en þær þó ekki taldar nægilega sterkar til að hafna niðurstöðu meiri hlutans.

Með bréfi, dags. 25. mars 2019, var þingmönnum sex kynnt álit siðanefndarinnar og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við álit. Athugasemdir AKÁ, BÓ, GBS og SDG bárust í tölvupósti til 7. og 8. varaforseta 1. apríl 2019 en þar kom fram að þau teldu siðanefnd hafa formað afstöðu sína með ófullnægjandi upplýsingum og að aðstæður á vettvangi skiptu máli við mat á því hvort þingmennirnir hefðu mátt vænta þess að geta átt einkasamtal á staðnum. Með tölvupóstinum fylgdi bréf lögmanns þeirra til Persónuverndar, dags. 1. apríl 2019, til upplýsinga og fyllingar á því hver atvik á veitingastofunni Klaustri voru. Í athugasemdum KHG og ÓÍ sem bárust með bréfi, dags. 1. apríl 2019, var tekið efnislega undir efasemdir í minnihlutaáliti siðanefndar.

2.3. Álit siðanefndar um gildissvið siðareglna lagt til grundvallar og háttarni þingmanna afmarkað.

Með bréfum til AKÁ, BÓ, GBS, KGH, ÓÍ og SDG, hvers um sig, dags. 15. apríl 2019, tilkynnti forsætisnefnd að eftir að hafa kynnt sér og ígrundað álit siðanefndar og athugasemdir þingmannanna af því tilefni, teldi hún rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu meiri hluta siðanefndar um að háttarni sex þingmanna á veitingastofunni Klaustri félli undir gildissvið siðareglna. Þar sem ákvæði málsmeðferðarreglna gerðu ráð fyrir að væri máli ekki vísað frá eða fellt niður að fengnum skýringum þingmanns, sbr. 6. og 7. gr. málsmeðferðarreglna, færi um framhald þess skv. 8. gr. reglnanna. Af 88. gr. þingskapa og 3. mgr. 18. gr. siðareglna leiddi að það væri forsætisnefnd sem fjallaði um siðareglumál, framkvæmd þeirra og brot á þeim, sbr. enn fremur 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglnanna. Væri forsætisnefnd þar ekki bundin af því erindi sem lægi fyrir í málinu. Sú skylda hvíldi því á forsætisnefnd að afmarka grundvöll málsins gagnvart þeim þingmanni sem erindið beindist að, lýsa málavöxtum og því hvernig háttarnið gæti falið í sér brot á tilgreindum ákvæðum siðareglanna. Í samræmi við orðalag erindisins frá 3. desember 2018 byggði forsætisnefnd málið á umfjöllun fjölmiðla. Afmörkunarbréfunum fylgdu ljósrít af umfjöllun fjölmiðla um einstök ummæli auk þess sem vísað var til hljóðbrota sem fjölmiðlar höfðu birt með umfjöllun sinni.

Með vísan til 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna var háttarni hvers og eins í málinu afmarkað með hliðsjón af umfjöllun í fjölmiðlum um hljóðupptökur af veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 og þingmönnum veittur kostur á að skýra afstöðu sína til málsins. Greint var frá því að forsætisnefnd mundi, að fengnum skýringum þingmanna, meta hvort tilefni væri til þess að leita álits siðanefndar eða ljúka málinu þá þegar. Yrði niðurstaðan að leita álits siðanefndar mundi forsætisnefnd upplýsa hlutaðeigandi um það. Að því búnu mundi forsætisnefnd taka endanlega ákvörðun í málinu að fengnum athugasemdum þingmanna, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna. Áréttað var að þingmennirnir ættu ávallt þess kost, meðan mál þeirra væri til umfjöllunar hjá forsætisnefnd, að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum, sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglanna. Í niðurlagi afmörkunarbréfanna var jafnframt upplýst að Jón Kristjánsson, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, hefði tekið

sæti Ástu R. Jóhannesdóttur í siðanefnd. Var þingmönnum jafnframt gefið færi á að gera athugasemdir við hæfi Jóns.

Í fyrirliggjandi máli er háttsemi þingmannanna afmörkuð annars vegar við hvort einstök ummæli, sem eftir þingmönnum voru höfð í fjölmiðlum, hefðu mögulega falið í sér brot á siðareglum fyrir alþingismenn, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. reglnanna, og hins vegar hvort þingmennirnir hefðu, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna sem mögulega teldust brot á siðareglunum, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglanna.

Í næstu undirköflum verður farið yfir hvernig forsætisnefnd afmarkaði háttarni hvers og eins þingmanns í bréfum sínum til þeirra 15. apríl 2019. Um háttarni sem tengist frumkvæði að stuðningi við siðareglur er fjallað sérstaklega í kafla 2.3.7.

2.3.1. Ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur.

Í umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 11:36, „Þingmenn hraunuðu yfir Pál Magnússon – Letingi sem verður fljótt atvinnulaus“, var vísað til ummæla AKÁ um Pál Magnússon alþingismann. Af hálfu forsætisnefndar var ekki talin ástæða til þess að rekja ummælinánar. Með vísan til 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn var það mat forsætisnefndar að ummæli AKÁ sem þar kæmu fram gæfu ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn. Var þá litið til þess að játa yrði þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um pólitíska samherja og andstæðinga. Á hinn bóginn yrði jafnframt að hafa í huga að siðareglur gætu haft áhrif á hvernig slíkri tjáningu væri komið á framfæri og sett þingmönnum skorður. Á það t.a.m. við um tjáningu eða ummæli um einstaklinga þegar þau lytu að kynferði þess sem um er rætt, atriðum sem varðað geta friðhelgi einkalífs eða teldust viðkvæmar persónuupplýsingar eða vörðuðu útlit eða fötlun þess sem í hlut á. Voru ummæli AKÁ um Pál Magnússon því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

Í umfjöllun fjölmiðla var enn fremur vísað til samtala um Freyju Haraldsdóttur. Í DV 29. nóvember 2018, kl. 13:11, „Hlustaðu á þingmenn gera grín að Freyju Haralds – Hermdi eftir sel“, var að finna eftirfarandi frásögn þar sem ummæli AKÁ hafa verið feitletruð:

„Líkt og fyrr segir er upptakan nokkuð óskýr en svo virðist sem samtalið hefjist á því að Sigmundur Davíð segir tvo þeirra sem sitja við borðið hafa sérstakan áhuga á tveimur konum. Ekki er alveg ljóst hver segir hvað hverju sinni.

Anna Kolbrún: Veistu það, ég hélt þú værir að auglýsa eftir Freyju Eyju áðan.

Gunnar Bragi: „Ég sagði bara KOMDU.“

Anna Kolbrún: „Nei, þú sagðir...[óskýrt] það er verið að kalla á okkur.

Sigmundur D: „Þessir tveir menn eiga það sameiginlegt að hafa sérstakan áhuga á tveimur konum, Freyju [hérna] ...“

– Eyju.

Já.

Freyju.

Eyju.

Bergþór : Freyju Haraldsdóttur [...]

Já.

Já.

(Hljóð sem líkist væli í sel)“

Umfjölluninni fylgdi enn fremur hlekkur á hljóðupptökuna. Í umfjöllun annarra fjölmiðla í framhaldinu var vísað til umfjöllunar DV og þess mats að það hljóð sem heyrðist á upptökunni hafi „líkst væli í sel“. Að mati forsætisnefndar yrði slíkt þó ekki fullyrt, en þó megi ráða að hljóðið hafi komið úr mannsbarka. Var talið að framangreint hátterni AKÁ gæti verið andstætt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

2.3.2. Ummæli Bergþórs Ólasonar.

Í umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 11:36, „Þingmenn hraunuðu yfir Pál Magnússon – Letingi sem verður fljótt atvinnulaus“, var vísað til ummæla BÓ um Pál Magnússon alþingismann. Með vísan til 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn var það mat forsætisnefndar að ummælin sem þar kæmu fram gæfu ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.1. um að játa yrði þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um pólitíska samherja og andstæðinga. Voru ummæli BÓ um Pál Magnússon því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

Forsætisnefnd taldi rétt að taka til nánari athugunar eftirfarandi ummæli (feitletuð) sem höfð voru eftir BÓ í fjölmiðlum og mál þetta varða:

- a. Í Stundinni 28. nóvember 2018, kl. 19:05, „Þingmaður Miðflokksins kallar Ingu Sæland „húrrandi klikkaða kuntu““, voru eftirfarandi ummæli höfð eftir BÓ:

„En þetta snýst allt um, og ég held við séum öll í þessum slag til að láta gott af okkur leiða, og það eru miklu meiri líkur til þess að það gerist undir merkjum Miðflokksins heldur en Flokks fólksins **af því að þið eruð með þessa húrrandi klikkuðu kuntu sem formann Flokks fólksins**, sem þið ráðið ekkert við. Þið ráðið ekkert við hana. Segið mér ef ég hef rangt fyrir mér. Ég mundi ekki ráða við hana, Sigmundur mundi ekki. **Hún er fokking tryllt.** Komið til okkar.“

- b. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 12:14, „Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér“, voru m.a. rakin ummæli BÓ og GBS um samskipti þeirra við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Inn í þá umfjöllun komu einnig stutt ummæli frá SDG, KGH, ÓÍ og AKÁ. Samtalið var enn fremur rakið í Kvennablaðinu 29. nóvember

2018, „Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður““. Ummæli BÓ í frásögn Stundarinnar um Albertínu voru auðkennd sérstaklega:

„Við eigum sem sagt MeToo sögu,“ sagði Bergþór á einum tímapunkti í samtalinu.

„Léstu þig hafa það“ spurði einhver í kjölfarið

„Nei ég gerði það sem betur fer ekki,“ sagði Bergþór.

„Það voru ýmsir sem sögðu ‘take one for the team’ en Beggi var ekki til“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Ég var orðinn þreyttur á herrakvöldi Vestra,“ sagði Bergþór.

„Hversu hart gekk hún fram?“ var spurt í kjölfarið.

„Hún var að tosa buxurnar af hælunum á mér [...] Ég vakna úr nærbuxunum.“

...Í framhaldinu deildi Gunnar Bragi sinni sögu.

...

„Þetta er sú þingkona sem hélt lengstu MeToo ræðuna. Og við sátum bara „what the fuck is going on“,“ bætti Bergþór við.

„Þessir menn munu aldrei ná bata nema þeir opni sig, og það í opnuviðtali.“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Það getur vel verið að við ákveðnar aðstæður, ég ætla ekki að segja hvað aðstæður, að ég þurfi að labba að henni og segja: Ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér?“ sagði Gunnar Bragi og aftur var hlegið.

„Ég mun segja, ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér í alvöru?“ bætti Bergþór við. [...].“

- c. Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember 2018, kl. 22:25, „Þingmenn úthúðuðu stjórnmálakonum: „Hún er miklu minna hot í ár“,“ var fjallað um eftirfarandi ummæli BÓ um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum:

„Bergþór: „Nú ætla ég að segja eitt sem er náttúrulega mjög dónalegt, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var bara fyrir tveimur árum síðan. Það er ótrúlegur munur.“

Sigmundur Davíð: „Og á þeim forsendum segi ég að hún hrynji niður listann.“

Bergþór: „Eðlilega.““

- d. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 15:29, „Vildu hefna sín á Lilju Alfreðsdóttur: „Hjólum í helvítis tíkina!““, voru rakin ummæli BÓ um Lilju Alfreðsdóttur ráðherra. Jafnframt var að finna hlekk á hljóðupptökuna:

„Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún, sem ég hef ekki fengið að ríða,“ bætir Bergþór við og vísar þar líklega til Lilju.

- e. Í umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018, kl. 19:00, „Þarna kom loksins skrokkur sem typpið á mér dugði í“, var vísað til eftirfarandi ummæla BÓ um Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra:

„Þarna loksins kom skrokkur sem typpið á mér dugði í.“

Hvað varðaði þessi ummæli sérstaklega tók forsætisnefnd fram í bréfi sínu til BÓ 15. apríl 2019 að í uppritun hljóðupptakanna, sem honum var afhent 4. febrúar 2019, hefði staðið: „Þarna loksins kom the skrokkur that fitted my duty, sko“. Eftir að hafa látið yfirfara uppritunina í tilefni athugasemda KGH og ÓÍ var það niðurstaða forsætisnefndar að þessi tiltekna uppritun hefði ekki samrýmst hljóðupptökunni en að umfjöllun fjölmiðla hefði á hinn bóginn samrýmst hljóðupptökunni og hljóðbroti sem finna mátti í umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018. Það var því mat forsætisnefndar að fella bæri tilvitnuð ummæli í e-lið undir afmörkun málsins.

Í málinu var til athugunar hvort BÓ hefði með framangreindum ummælum, sbr. a-e-lið, sýnt háttarni sem gæti verið andstætt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., sbr. 7. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

2.3.3. Ummæli Gunnars Braga Sveinssonar.

Í umfjöllun DV, Stundarinnar og Kvinnablaðsins voru rakin ýmis ummæli GBS er lutu að skipunum Geirs H. Haarde og Árna Þórs Sigurðssonar í embætti sendiherra árið 2014, sbr. frétt DV 28. nóvember 2018, kl. 18:30, „Gunnar Bragi skipaði Árna Þór sendiherra til að draga athygli frá Geir Haarde – „Ég var brjáláður við þig Gunni““. Sjá einnig umfjöllun Kvinnablaðsins 29. nóvember 2018, „Gunnar Bragi keypti þögn Vinstri Grænna með skipun Árna Þórs“. Siðareglur fyrir alþingismenn komu til framkvæmda við upphaf 146. löggjafarþings, þ.e. 6. desember 2016. Ljóst var að þau atvik sem vísað var til í ummælum GBS áttu sér stað fyrir þann tíma og gátu því, að mati forsætisnefndar, ekki verið grundvöllur athugunar skv. 11. og 12. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Einnig var í fjölmiðlum að finna ummæli GBS um formann þingflokks Flokks fólksins og aðra núverandi og fyrrverandi alþingismenn. Var hér um að ræða ummæli hans um Oddnýju G. Harðardóttur og Loga Einarsson, sbr. umfjöllun DV 28. nóvember 2018, kl. 22:17, „Gunnar Bragi hraunar yfir Oddnýju sem skildi Samfylkinguna eftir með „trúðinn frá Skriðjöklum““, einnig ummæli um Unni Brá Konráðsdóttur í umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 9:11, „Sendi Friðriki Ómari afsökunarbeiðni á Facebook – „Langur listi af fólki sem ég þarf að biðjast afsökunar““, enn fremur ummæli um Ingu Sæland í Stundinni 28. nóvember 2018, kl. 19:10, „Þingmenn Flokks fólksins segja að Inga Sæland „grenji“ og „geti þetta ekki““. Framangreind ummæli voru þess eðlis að þau gáfu, að mati forsætisnefndar, ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 1. mgr. 18. gr. reglnanna, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.1. um að játa yrði þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um

pólítíska samherja og andstæðinga. Voru ummæli GBS um framangreinda núverandi og fyrrverandi alþingismenn því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

Forsætisnefnd taldi rétt að taka til nánari athugunar eftirfarandi ummæli (feitlettruð) sem höfð voru eftir GBS í fjölmiðlum og mál þetta varða:

- a. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 12:14, „*Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér*“, voru m.a. rakin ummæli GBS og BÓ um samskipti þeirra við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Inn í þá umfjöllun komu einnig stutt ummæli frá SDG, KGH, ÓÍ og AKÁ. Samtalið var enn fremur rakið í Kvinnablaðinu 29. nóvember 2018, „*Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður“*“. Ummælin í frásögn DV um Albertínu voru auðkennd sérstaklega:

„Í framhaldinu deildi Gunnar Bragi sinni sögu. „Það var svipað. Ég var nýlega orðinn ráðherra og þetta var í kringum kosningar, 2009-10[...] Það er einhver hátíð í samkomuhúsinu í Hnífsdal. Ég mæti þarna sem frambjóðandi ásamt fleirum. Ég er allt í einu farinn að dansa við þessa stúlku [...] Ég sagði bara nei [...] en það var bara suða. Þá var bara eins og einhver hefði verið líflátinn. Hún var brjáluð, hún trylltist, hún grenjaði og öskraði. Ég bara hugsaði, hvað, á ég að ríða henni? Það var algjörlega kreisi.“

...

„Þetta er sú þingkona sem hélt lengstu MeToo ræðuna. Og við sátum bara „what the fuck is going on“,“ bætti Bergþór við.

„Þessir menn munu aldrei ná bata nema þeir opni sig, og það í opnuviðtali.“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Það getur vel verið að við ákveðnar aðstæður, ég ætla ekki að segja hvað aðstæður, að ég þurfi að labba að henni og segja: Ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér?“ sagði Gunnar Bragi og aftur var hlegið.“

- b. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 15:29, „*Vildu hefna sín á Lilju Alfreðsdóttur: „Hjólum í helvítis tíkina!“*“, voru rakin ummæli GBS um Lilju Alfreðsdóttur ráðherra:

„Gunnar Bragi hrópar þá: „Henni er bara fokking sama um hvað við erum að gera. Hjólum í helvítis tíkina! Það er bara málið. Af hverju erum við að hlífa henni? Ég er að verða brjálaður! Af hverju erum við að hlífa henni?“

- c. Í umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018, kl. 15:20, „*Gunnar Bragi hafði heimilisofbeldi í flimtingum: „Já sundkellingin þarna, voruð þið að lemja hana? Hahaha!“*“, voru rakin ummæli GBS um meint heimilisofbeldi fyrrverandi þingmanns. Í greininni var jafnframt að finna hlekk á hljóðupptökuna þar sem eftirfarandi kom fram:

„Gunnar Bragi: „Ha? Sá sem lemur Röggju Run? Hver er það?“

Bergþór: „Já.“

Gunnar Bragi: „**Já sundkellingin þarna, voruði að lemja hana? Hahahahaha!**““

Í málinu var til athugunar hvort GBS hefði með framangreindum ummælum, sbr. a-c-liði, sýnt hátterni sem gæti verið andstætt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

2.3.4. Ummæli Karls Gauta Hjaltasonar.

Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember 2018, kl. 19:10, „*Þingmenn Flokks fólksins segja að Inga Sæland „grenji“ og „geti þetta ekki*““, og DV 28. nóvember 2018, kl. 20:09, „*Kölluðu Ingu Sæland klikkaða kuntu – „Hún getur grenjað um þetta en getur ekki stjórnað*““, var vísað til ummæla KGH um formann Flokks fólksins, Ingu Sæland. Þá voru í Stundinni 30. nóvember 2018, kl. 18:00, „*Eygló kölluð „galin kerlingarklessa“ á fundi þingmanna*“, rakin ummæli KGH um Eygló Harðardóttur. Komið hefur fram í fjölmiðlum að ummælin „galin kerlingarklessa“ voru ranglega eignuð KGH, sbr. frétt Vísis 1. desember 2018, kl. 14:10. Af hálfu forsætisnefndar var ekki talin ástæða til þess að rekja ummælin nánar. Með vísan til 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn var það mat forsætisnefndar í bréfi hennar frá 15. apríl 2019 að ummæli þessi gæfu ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.1. um að játa yrði þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um pólitíska samherja og andstæðinga. Voru ummæli KGH um Ingu Sæland og Eygló Harðardóttur því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

2.3.5. Ummæli Ólafs Ísleifssonar.

Í umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 16:12, „*Ólafur segist hafa sagt „aunt“ en ekki „cunt*““, var vísað til ummæla þar sem ÓÍ viðhefur orðaleik í samtali á veitingastofunni Klaustri. Í sömu frétt leiðrétti ÓÍ þessi ummæli. Af hálfu forsætisnefndar var ekki talin ástæða til að rekja þessi ummæli nánar. Með vísan til 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn var það mat forsætisnefndar í bréfi hennar frá 15. apríl 2019 að ummælin gæfu ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglanna þar sem þau voru óljós og höfðu auk þess verið leiðrétt. Voru þessi ummæli ÓÍ því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

2.3.6. Ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

Í umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 17:38, „*Henni er ekki treystandi og hún spilar á karlmenn eins og kvenfólk kann*“, var vísað til ummæla SDG um Lilju Alfreðsdóttur ráðherra. Af hálfu forsætisnefndar var ekki talin ástæða til að rekja

ummælin nánar. Með vísan til 1. máls. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn var það mat forsætisnefndar að ummælin gæfu ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.1. um að játa yrði þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um pólitíska samherja og andstæðinga. Voru ummæli SDG um Lilju Alfreðsdóttur því ekki hluti af afmörkun forsætisnefndar á málinu.

Forsætisnefnd taldi rétt að taka til nánari athugunar eftirfarandi ummæli (feitiletruð) sem höfð voru eftir SDG í fjölmiðlum:

- a. Í DV 29. nóvember 2018, kl. 13:11, „*Hlustaðu á þingmenn gera grín að Freyju Haralds – Hermdi eftir sel*“, var að finna eftirfarandi frásögn þar sem ummæli sem hafa verið höfð eftir SDG voru feitiletruð:

„Anna Kolbrún: Veistu það, ég hélt þú værir að auglýsa eftir Freyju Eyju áðan.

Gunnar Bragi: „Ég sagði bara KOMDU.“

Anna Kolbrún: „Nei, þú sagðir...[óskýrt] það er verið að kalla á okkur.

Sigmundur D: „Þessir tveir menn eiga það sameiginlegt að hafa sérstakan áhuga á tveimur konum, Freyju [hérna] ...“

– Eyju.

Já.

Freyju.

Eyju.

Bergþór : Freyju Haraldsdóttur [...]

Já.

Já.

(Hljóð sem líkist væli í sel)

[Sigmundur D:] Og Albertínu.“

Umfjöllun DV fylgdi enn fremur hlekkur á hljóðupptökuna. Í umfjöllun annarra fjölmiðla, í framhaldinu, var vísað til umfjöllunar DV og þess mats að það hljóð sem heyrðist á upptökunni hafi „líkst væli í sel“. Að mati forsætisnefndar varð slíkt þó ekki fullyrt, en þó mætti ráða að hljóðið hefði komið úr mannsbarka.

- b. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 12:14, „*Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér*“, voru m.a. rakin ummæli SDG í tengslum við frásagnir BÓ og GBS um samskipti þeirra við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Inn í þá umfjöllun komu einnig stutt ummæli frá KGH, ÓÍ og AKÁ. Samtalið var enn fremur rakið í Kvinnablaðinu 29. nóvember 2018, „*Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður“*“. Ummæli SDG í frásögn Stundarinnar voru auðkennd (feitiletruð) sérstaklega:

„Við eigum sem sagt MeToo sögu,“ sagði Bergþór á einum tímamarki í samtalinu.

„Léstu þig hafa það“ spurði einhver í kjölfarið

„Nei ég gerði það sem betur fer ekki,“ sagði Bergþór.

„Það voru ýmsir sem sögðu ‘take one for the team’ en Beggi var ekki til“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Ég var orðinn þreyttur á herrakvöldi Vestra,“ sagði Bergþór.

„Hversu hart gekk hún fram?“ var spurt í kjölfarið.

„Hún var að tosa buxurnar af hælunum á mér [...] Ég vakna úr nærbuxunum.“

...Í framhaldinu deildi Gunnar Bragi sinni sögu. „Það var svipað. Ég var nýlega orðinn ráðherra og þetta var í kringum kosningar, 2009-10] [...] Það er einhver hátíð í samkomuhúsinu í Hnífsdal. Ég mæti þarna sem frambjóðandi ásamt fleirum. Ég er allt í einu farinn að dansa við þessa stúlku [...] Ég sagði bara nei [...] en það var bara suðað. Þá var bara eins og einhver hefði verið líflátinn. Hún var brjáluð, hún trylltist, hún grenjaði og öskraði. Ég bara hugsaði, hvað, á ég að ríða henni? Það var algjörlega kreisi.“

...

„Þetta er sú þingkona sem hélt lengstu MeToo ræðuna. Og við sátum bara „what the fuck is going on“,“ bætti Bergþór við.

„Þessir menn munu aldrei ná bata nema þeir opni sig, og það í opnuviðtali.“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Það getur vel verið að við ákveðnar aðstæður, ég ætla ekki að segja hvað aðstæður, að ég þurfi að labba að henni og segja: Ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér?“ sagði Gunnar Bragi og aftur var hlegið.

„Ég mun segja, ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér í alvöru?“ bætti Bergþór við. [...].“

Ólafur Ísleifsson: „Þetta er rosaleg lífsreynsla, ha.“

Karl Gauti Hjaltason: „Ég hef aldrei heyrt annað eins.“

Sigmundur Davíð: „Þið sjáið það að þessir menn þurfa stuðning, skilning og stuðning.“

Þá hlógu viðstaddir.

Gunnar Bragi: „Fyrst og fremst áfengi!“

Sigmundur Davíð: „Já ég meina það er oft besta leiðin til að takast á við svona.“

Anna Kolbrún: „Það þarf að opna sig, Bergþór.“

Sigmundur Davíð: „Ef menn vilja vera með í nútímanum þá fara þeir í viðtal á DV.“

- c. Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember 2018, kl. 22:25, „Þingmenn úthúðuðu stjórnmalakonum: „Hún er miklu minna hot í ár“,“ var fjallað um eftirfarandi ummæli SDG um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum:

„Gunnar Bragi: „Ég held reyndar að [...] geti verið helvíti öflug. Hún er helvíti sæt stelpa.“

[Sigmundur] Davíð: „Þetta er svona móment, ung kona, ungt fólk í Sjálfstæðisflokknum, lyftum henni.“

Bergþór: „Nú ætla ég að segja eitt sem er náttúrulega mjög dónalegt, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var bara fyrir tveimur árum síðan. Það er ótrúlegur munur.“

Sigmundur Davíð: „Og á þeim forsendum segi ég að hún hrynji niður listann.“

Bergþór: „Eðlilega.““

Að mati forsætisnefndar kom til athugunar hvort SDG hefði með framangreindum ummælum, sbr. a – c-liði, sýnt háttarni sem gæti verið andstætt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

2.3.7. Frumkvæði að stuðningi við siðareglur.

Til viðbótar við framangreint reyndi á að mati forsætisnefndar hvort þingmennirnir sex hefðu með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teldust andstæð siðareglum fyrir alþingismenn, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Þær umfjallanir fjölmiðla sem komu til skoðunar að mati forsætisnefndar voru eftirfarandi:

- a. Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember 2018, kl. 19:05, „Þingmaður Miðflokksins kallar Ingu Sæland „húrrandi klikkaða kuntu“, var fjallað um ummæli BÓ um Ingu Sæland. Sömu ummæli var einnig að finna í umfjöllun DV 28. nóvember 2018, kl. 20:09, „Kölluðu Ingu Sæland klikkaða kuntu – „Hún getur grenjað um þetta, en getur ekki stjórnað“, og í Kvennablaðinu 3. desember 2018, „Don't be an economic girlie man, sagði hann líka, sko!“.
- b. Umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember 2018, kl. 12:14, „Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér“, en þar voru rakin ummæli GBS og BÓ um samskipti þeirra við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Sjá hér einnig umfjöllun um sömu ummæli í Kvennablaðinu 29. nóvember 2018, „Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður“, og í Kjarnanum 29. nóvember 2018, „Albertína Friðbjörg segist kjaftstopp yfir lygasögum þingmanna um hana“, þar sem sömu ummæli voru tekin upp og rakin.
- c. Umfjöllun DV 29. nóvember 2018, kl. 13:11, „Hlustaðu á þingmenn gera grín að Freyju Haralds – Hermdi eftir sel“, þar sem rakin voru ummæli sem féllu um Freyju Haraldsdóttur.
- d. Umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember 2018, kl. 22:25, „Þingmenn úthúðuðu stjórnmalakonum: „Hún er miklu minna hot í ár“, þar sem rakin voru ummæli BÓ um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.
- e. Umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018, kl. 15:20, „Gunnar Bragi hafði heimilisofbeldi í flimtingum: „Já sundkellingin þarna, voruð þið að lemja hana? Hahaha!“, þar sem rakin voru ummæli um meint heimilisofbeldi fyrrverandi þingmanns.

Ekki liggur annað fyrir en að allir þingmennirnir sex hafi verið viðstaddir þegar umræða tilgreind í a – e-lið fór fram á veitingastofunni Klaustri. Til viðbótar var til skoðunar hvort BÓ, GBS og SDG hefðu mögulega gerst brotlegir við h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglna vegna fjölmiðlaumfjöllunar í DV 29. nóvember 2018, kl. 17:38, „*Henni er ekki treystandi og hún spilar á karlmenn eins og kvenfólk kann*“, og umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018, kl. 19:00, „*Þarna kom loksins skrokkur sem typpið á mér dugði í*“, þar sem rakin voru ummæli BÓ og GBS um Lilju Alfreðsdóttur ráðherra.

Að mati forsætisnefndar kom til skoðunar að líta á hátterni þingmannanna sem meint brot á hátternisskyldu 7. gr. siðareglna. Hafði forsætisnefnd þá í huga að alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi og háttsemiskröfur siðareglanna tengjast stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Var þá horft til þess að þeir hafi á meðan á þeim umræðum stóð, þar sem ummæli féllu sem vísað hefur verið til, mögulega sýnt af sér ósæmilega framkomu með því að láta hjá líða að hafa áhrif á framgang þeirra og þar með ekki sýnt frumkvæði og fordæmi við að stöðva þær eins og leiða megi af h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna.

2.3.8. Athugasemdir við afmörkun forsætisnefndar.

Athugasemdir þingmannanna við afmörkun forsætisnefndar á hátterni þeirra sem til álita kæmi að skoða sem brot á siðareglum bárust með bréfum, dags. 3. maí 2019. Í sameiginlegu bréfi KGH og ÓÍ var því fagnað að forsætisnefnd hefði staðfest að hvorugur þeirra hefði látið sér neitt ámælisvert um munn fara á veitingastofunni Klaustri. Einnig kom fram að þeim væri ekki ljóst hvaða athugasemdir nefndin gæti talið að umræður í a – e-liðum, sbr. kafla 2.3.7., hefðu getað kallað á af þeirra hálfu umfram það sem þeir gerðu í orði og með því að fara af staðnum. Bentu þeir á að þeir hefðu lokið virkri þátttöku í umræðum um helsta mál á dagskrá Alþingis þennan dag, 2. umræðu um fjárlagafrumvarp.

Í sameiginlegu bréfi AKÁ, BÓ, GBS og SDG 3. maí 2019 var málsmeðferð málsins gagnrýnd og gerðar athugasemdir við forsendur í áliti siðanefndar og það véfengt. Enn fremur var því mótmælt að byggt væri á einkasamtölum manna sem hljóðrituð höfðu verið með ólögætum hætti. Í bréfinu voru gerðar tvær athugasemdir við lýsingu forsætisnefndar á grundvelli málsins. Annars vegar var vísað til þess að SDG hefði ekki boðvald gagnvart öðrum viðstöddum til að stöðva umræður þeirra eða hafa áhrif á þær. Hins vegar hafnaði AKÁ því að í ummælum hennar um Freyju Haraldsdóttur hefði falist brot á siðareglum. Í bréfinu var enn fremur vísað til nýframkominna gagna í málinu en þau fylgdu ekki með bréfinu.

2.3.9. Afmörkun málavaxta byggja á fjölmiðlaumfjöllun.

Með bréfi, dags. 28. júní 2019, gerðu AKÁ, BÓ, GBS og SDG þá kröfu, í kjölfar úrskurðar Persónuverndar 22. maí 2019, að forsætisnefnd og siðanefnd eftir atvikum léti eyða öllum upptökum af samtali þeirra og þeim endurritum sem gerð höfðu verið

af upptökunum. Með bréfi forsætisnefndar 1. júlí 2019 til þingmannanna var upplýst að með vísan til úrskurðar Persónuverndar hefði hljóðupptökunum og endurritum í vörslu skrifstofunnar og forsætisnefndar verið eytt og að hljóðupptökurnar hefðu ekki verið sendar siðanefnd. Þá var upplýst að erindi hefði verið sent til siðanefndar með ósk um að endurrit hljóðupptakanna í vörslu nefndarinnar yrði eytt. Að endingu var í niðurlagi bréfsins áréttað að eins og áður hefði komið fram í bréfum til þingmanna 15. apríl 2019 mundi forsætisnefnd byggja málavexti málsins, sbr. upphaflegt erindi átta þingmanna frá 3. desember 2018, „á fjölmiðlaumfjöllun“. Með bréfi sama dag var KGH og ÓÍ tilkynnt ofangreind ákvörðun forsætisnefndar.

2.4. Álit siðanefndar um háttarni þingmannanna á veitingastofunni Klaustri.

Með bréfi, dags. 13. maí 2019, til siðanefndar Alþingis ákvað forsætisnefnd með vísan til 2. másl. 1. mgr. 16. gr. siðareglna, sbr. 4. gr. málsmeðferðarreglna, að óska eftir að nefndin léti í ljós ráðgefandi álit sitt á því hvort þingmennirnir sex hefðu, hver um sig, brotið gegn háttarnisskyldum sínum og meginreglum um háttarni eins og hún var nánar afmörkuð í 5. lið bréfs forsætisnefndar frá 15. apríl 2019 (sbr. kafla 2.3.1.–2.3.7. hér að framan), að teknu tilliti til athugasemda þingmannanna, sbr. bréf þeirra frá 3. maí 2019.

Um meðferð málsins kemur fram að þingmennirnir hafi með bréfi siðanefndarinnar 29. maí 2019 verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum til siðanefndar um þau efnisatriði sem forsætisnefnd hefði afmarkað í bréfum til þingmannanna 15. apríl 2019. Af hálfu AKÁ, BÓ, GBS og SDG var þess krafist að siðanefndin styddist ekki við hljóðupptökurnar né uppritun þeirra. Þá kemur fram að siðanefndin hafi að beiðni forsætisnefndar 1. júlí 2019 þegar eytt endurritum hljóðupptakanna í vörslu nefndarmanna og ritara siðanefndar.

Hinn 5. júlí 2019 barst forsætisnefnd álit siðanefndar Alþingis. Að álitinu standa tveir nefndarmenn en sá þriðji tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Siðanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ummæli AKÁ um Freyju Haraldsdóttur, eins og þau voru afmörkuð af hálfu forsætisnefndar, gæfu ekki til kynna að hún hefði ætlað sér að tala niður til fatlaðs fólks og að uppnefni hefðu oft verið viðhöfð um stjórnámálamenn og löngum viðgengist í íslensku samfélagi. Siðanefndin taldi að ummæli AKÁ kynnu að falla undir þær skorður sem siðareglur setji alþingismönnum í umfjöllun þeirra um pólitíska samherja og andstæðinga en erfitt væri að slá því föstu að þau hefðu getað skaðað ímynd Alþingis. Var því talið rétt að AKÁ nyti vafans að þessu leyti og voru ummælin ekki talin fara gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna.

Ummæli BÓ um Ingu Sæland, Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, Írisi Róbertsdóttur og Lilju Alfreðsdóttur og ummæli GBS um Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, Lilju Alfreðsdóttur og Ragnheiði Runólfsdóttur voru metin af siðanefnd í ljósi áberandi umræðu síðustu missera um jafna stöðu kvenna og karla og kynbundna og kynferðislega áreitni, einelti, ofbeldi og aðra vanvirðandi háttsemi af hálfu karla.

Var siðareglum fyrir alþingismenn breytt í kjölfar umræðunnar, sbr. d-lið 5. og 8. gr. reglnanna, og áttu breytingarnar að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi innan þingsins. Í niðurstöðu siðanefndar segir síðan um hátterni BÓ og GBS:

„Eins og áður greinir getur hátterni sem telst ósiðlegt eða óviðeigandi af hálfu þingsins kastað rýrð á Alþingi og skaðað ímynd þess. Þar undir getur fallið ósæmileg framkoma eða vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum. Siðanefnd telur ekki þörf á að greina hvert og eitt atriði í ummælum Bergþórs Ólasonar [og Gunnars Braga Sveinssonar]. Þau eru öll af sömu rótinni spröttin. Þau eru ósæmileg og í þeim felst vanvirðing er lýtur að kynferði þeirra kvenna sem um er rætt. Siðanefnd telur þau einnig til þess fallin að kasta rýrð á Alþingi og skaða ímynd þess, auk þess sem þau sýna Alþingi, stöðu þess og störfum ekki virðingu.“

Voru ummæli BÓ og GBS talin brjóta gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglanna.

Ummæli SDG í tengslum við frásögn um Freyju Haraldsdóttur og Írisi Róbertsdóttur voru að mati siðanefndar ekki talin fela í sér brot á siðareglum. Hvað varðar ummæli SDG sem falla í tengslum við ummæli BÓ og GBS um Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur telur siðanefndin hluta ummælanna þannig vaxinn að SDG eigi að njóta vafans í ljósi afmörkunar forsætisnefndar og þeirra takmörkuðu upplýsinga sem liggja fyrir. Önnur ummæli sem falla í frásögn um Albertínu voru talin of almenn til þess að meta þau andstæð siðareglum. Hátterni SDG var því ekki talið fara gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Hvað viðkemur beiðni forsætisnefndar um hvort AKÁ, BÓ, GBS, SDG, KGH og ÓÍ hafi, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, ekki sýnt fordæmi og frumkvæði að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglanna, taldi siðanefndin að líta yrdi til þátttöku viðkomandi þingmanns við mat á því hvort í umræðum þeirra fælist brot á siðareglum. Eins gæti komið til skoðunar hvort viðkomandi hefði tekið undir ummæli annarra eða á annan hátt gefið til kynna að hann væri jákvæður eða a.m.k. ekki mótfallinn viðkomandi umræðu. Mörkin milli athafna og athafnaleysis í fyrirliggjandi máli væru ekki skýr og í því ljósi taldi siðanefnd sér ekki fært að fullyrða að h-liður 1. mgr. 5. gr. siðareglna gerði þær kröfur til þingmanna að þeir aðhefðust með þeim hætti sem lýst er í afmörkun forsætisnefndar. Var því ekki litið svo á að AKÁ, BÓ, GBS, SDG, KGH og ÓÍ hefðu gerst brotleg gegn siðareglunum vegna athafnaleysis.

2.5. Viðbrögð þingmanna við álitum siðanefndar.

Með bréfi, dags. 8. júlí 2019, var óskað eftir athugasemdum þingmannanna sex við álitum siðanefndar. Í bréfi AKÁ, dags. 26. júlí 2019, eru ummæli hennar um Freyju Haraldsdóttur skýrð nánar. Kemur þar m.a. fram að tilurð þeirra hafi ekki átt við hana

sjálfa heldur hafi þau orðið til á Alþingi í kjölfar þess að breytingar hafi þurft að gera á húsnæði Alþingis til þess að fatlaðir sem notast við hjólastól gætu haft þar aðgengi. Er því jafnframt lýst að allur málatilbúnaður málsins væri mjög sérstakur og vísað til viðtals við AKÁ við RÚV 16. janúar 2019 þar um. Í bréfi SDG, dags. 26. júlí 2019, kemur fram að hann geri ekki athugasemd við niðurstöðu siðanefndar um þau ummæli sem eftir honum voru höfð og tekin voru til umfjöllunar. Í bréfinu lýsir SDG undrun yfir því að ummælin hafi verið tekin til skoðunar enda hefðu þau snúist um að hæðast að viðhorfum annarra.

Með bréfi, dags. 16. júlí 2019, hafnar GBS niðurstöðu siðanefndar „algerlega sem og aðdróttunum um viðhorf [hans] til kvenna“. Einnig kemur fram að hann muni ekki til þess að hafa undirgengist siðareglurnar með undirskrift sinni og að þingmennirnir hafi ekki fengið hljóðupptökurnar afhentar frá Alþingi þrátt fyrir að hafa óskað eftir því. Hvað varði ummæli hans sem féllu um MeToo umræðuna tekur GBS fram að þetta hafi ekki verið í eina skiptið sem hann hafi lent í slíku áreiti af hálfu þingkonunnar. Það sé með ólíkindum að siðanefnd telji að frásögn af áreiti teljist brot á siðareglum. Hvetur GBS forsætisnefnd til að kynna sér samtalið til hlítar eins og það kemur fyrir í handriti því sem Alþingi lét gera. Hvað snerti ummæli sín um mennta- og menningarmálaráðherra telur GBS alíslenskt að nota þau orð og hafa þau ekki til þessa talist ósiðleg. Hvað viðkemur ummælum sínum um sundkonu segir GBS að af handriti Alþingis sé ljóst að tilefni umræðunnar hafi ekki verið konan heldur fyrrverandi eiginmaður hennar og það sé galið ef nefndin telji að gert hafi verið grín að slíku atviki. Vakin er athygli á að siðanefndin notar orðið „sundkerling“ en samkvæmt handriti Alþingis hafi hann sagt „sunddrottning“ og sé þetta augljóslega gert til að gera setninguna meira krassandi og til merkis um þá pólitísku vegferð sem siðanefndin og pólitískir andstæðingar þeirra séu í.

Í athugasemdum BÓ, dags. 26. júlí 2019, er bent á að ætlun þingmanna hafi verið að skila inn athugasemdum til siðanefndar eftir að ljóst hafi verið á hvaða gögnum málið væri rekið en ekki hafi verið veittur kostur á því. Engum hlutaðeigandi hafi komið til hugar að málið yrði rekið áfram á grundvelli fréttu í vefútgáfum Stundarinnar, DV og Kvennablaðsins. Tekið er fram að siðanefnd hafi enga tilraun gert til að grennslast fyrir um hvernig aðstæður voru á vettvangi. Allt bendi til þess að aðeins einn af þremur siðanefndarmönnum hafi komist að þeirri niðurstöðu að málið heyri undir siðareglur Alþingis og að um brot á þeim hafi verið að ræða. Hvað varðar einstök ummæli tekur BÓ fram að hann hafi beðið Ingu Sæland fyrirgefningar á ummælum um hana. Hvað viðkemur ummælum um Albertínu F. Elíasdóttur hafi BÓ þarna verið að lýsa erfiðri reynslu, þar sem sótt hafi verið að honum með kynferðislegum hætti af núverandi þingkonu, í einkasamtali meðal vina. BÓ skýrir ummæli sín í garð Írisar Róbertsdóttur með að þarna hafi hlutir verið slitnir úr samhengi en hann hafi verið að lýsa breyttri stöðu fyrrverandi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum hvað varðar möguleika hennar á að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í næstu alþingiskosningum. Fyrri ummæli sín um Lilju Alfreðsdóttur segir BÓ hafa verið sögð í stríðnistón. Síðari ummæli sín um Lilju (sbr.

e-lið í kafla 2.3.2. hér að framan) geti hann ekki tjáð sig um þar sem ummælin birtist ekki í handriti Alþingis og hann lesi ekki Stundina. BÓ tekur fram vegna ummæla GBS um Ragnheiði Runólfsdóttur sundkonu að umræðan þá hafi snúist um að sá sem beitti hana heimilisofbeldi ætti engan möguleika á stjórnmalalegum frama í NV-kjördæmi. Loks bendir BÓ á að gildishlaðinn tónn í álitni siðanefndar sé áhyggjuefni og að rétt sé að skoðað verði að leysa upp siðanefndina og þann feril sem hún fylgi.

Í sameiginlegu bréfi AKÁ, BÓ, GBS og SDG, dags. 26. júlí 2019, kemur fram að í málsmeðferðinni felist alvarlegt brot á lögum og grundvallarreglum réttarríkja og að fordæmið sem Alþingi gefi með málinu geti haft skaðleg áhrif til framtíðar. Málið heyri ekki undir siðareglur fyrir alþingismenn, sbr. 2. gr. þeirra, og með því sé flokki í minni hluta refsað án stoðar í lögum og reglum. Ummæli sem vísað hafi verið til fólu í sér lýsingu á afstöðu eða gjörðum annarra oft með það að markmiði að hæðast að því viðhorfi. Nú sé leitast við að gera slíkar lýsingar að skoðunum þeirra sem brýtur gegn grundvallarreglum samfélagsins. Ekki sé samræmi í meðferð Alþingis á þessu máli og öllum öðrum og af þeim 10 aðilum sem upphaflega hefðu getað haft eitthvað um málið að segja er enginn eftir. Í ljósi þess að formaður siðanefndar sagði sig frá málinu af pólitískum ástæðum veki undrun að 7. og 8. varaforseti skuli telja sig bæra til að úrskurða um málið. Einnig virðist sem að niðurstaða siðanefndarinnar hafi legið fyrir án þess að gefið hafi verið tækifæri til að bregðast við efnisatriðum málsins. Í ljósi þess hvernig siðanefnd nálgadist málið var því velt upp hvort frá upphafi hefði verið ætlunin að styðjast fyrst og fremst við pólitíska umfjöllun um málið. Einnig kemur fram að setningar sem lagðar eru til grundvallar í umfjöllun siðanefndar voru í öllum tilvikum teknar úr samhengi og leitast við að túlka upp á nýtt við hvað hefði verið átt. Enn fremur er bent á að AKÁ, BÓ, GBS og SDG hafi ekki fengið að hlýða á þau gögn sem í upphafi voru lögð til grundvallar málsmeðferðinni. Loks segir í bréfi fjórmenninganna að í málinu sé leitast við að refsa þolendum glæps og það sé rekið áfram af pólitískum andstæðingum.

Ekki bárust athugasemdir frá KGH og ÓÍ við álit siðanefndar.

3. Niðurstaða forsætisnefndar.

3.1. Um hlutverk forsætisnefndar og málsmeðferðina.

Í ljósi þeirra athugasemda sem komið hafa fram af hálfu þingmannanna um meðferð málsins verður að áréttu að það er hlutverk forsætisnefndar, sbr. 2. mgr. 88. gr. þingskapa Alþingis, að fjalla um mál sem varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim. Við umfjöllun sína um einstök erindi ber forsætisnefnd að fylgja 16.–19. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og málsmeðferðarreglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, sbr. einkum 6.–8. gr. reglnanna. Við athugun sína á einstökum málum getur forsætisnefnd leitað álitni siðanefndar, sbr. 16. gr. siðareglanna. Niðurstaða siðanefndar er ráðgefandi og því ekki bindandi fyrir forsætisnefnd. Í máli þessu hefur tvívegis verið leitað álitni

siðanefndar, fyrst um gildissvið siðareglanna þar sem fallist var á að hátterni þingmanns, við þær aðstæður sem um var að ræða, gæti fallið undir siðareglur fyrir alþingismenn. Með því var þó ekki tekin afstaða til þess hvort siðareglur kynnu að hafa verið brotnar. Rétt er að undirstrika að fyrir lá að það erindi, sem beint hafði verið til forsætisnefndar, laut að hátterni þingmanna og aðstæðum eins og þeim hafði verið lýst í fjölmiðlum.

Að fengnu álit siðanefndar um gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn stóð forsætisnefnd frammi fyrir því, eins og nánar er rakið í 2. kafla, að afmarka nánar hvort hátterni þeirra þingmanna sem hlut áttu að máli kynni að verða metið sem brot á siðareglum fyrir alþingismenn, sbr. 8. gr. málsmeðferðareglna. Á þessum grundvelli ritaði forsætisnefnd hverjum og einum þingmanni bréf 15. apríl 2019, svonefnt afmörkunarbréf. Var þar leitast við að útskýra grundvöll málsins svo að þeim mætti vera ljóst í hverju hátterni þeirra væri fólgð svo að þeir gætu skýrt sína hlið málsins og komið að athugasemdum sínum við málsmeðferðina að öðru leyti. Jafnframt var hverjum og einum þingmanni gerð grein fyrir stöðu málsins og framhaldi þess. Þá var einnig greint frá því að forsætisnefnd mundi, að fengnum skýringum þingmanna, meta hvort tilefni væri til þess að leita álits siðanefndar eða ljúka málinu þá þegar. Yrði niðurstaðan að leita álits siðanefndar mundi forsætisnefnd upplýsa hlutaðeigandi um það. Að því búnu mundi forsætisnefnd taka endanlega ákvörðun í málinu að fengnum athugasemdum þingmanna, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna. Áréttað var í bréfinu að þingmennirnir ættu ávallt þess kost, meðan mál þeirra væri til umfjöllunar hjá forsætisnefnd, að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum, sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglanna. Afmörkunarbréfunum fylgdu ljósrít af umfjöllun fjölmiðla um einstök ummæli auk þess sem vísað var til hljóðbrota sem fjölmiðlar höfðu birt með umfjöllun sinni.

Í ljósi athugasemda þingmanna um að þeim hafi ekki verið veittur nægur andmælaréttur við meðferð málsins skal tekið fram að eftir að grundvöllur málsins var kynntur þingmönnum var þeim í þrígang gefinn kostur á andmælum. Til viðbótar við þann möguleika að gera athugasemdir við svonefnt afmörkunarbréf frá 15. apríl 2019 gaf siðanefnd þingmönnum kost á andmælum með bréfi sínu 29. maí 2019. Loks veitti forsætisnefnd þingmönnum tækifæri til að setja fram athugasemdir eftir að álit siðanefndar lá fyrir 8. júlí 2019 og var frestur til andmæla framlengdur um viku eða til 26. júlí 2019. Að mati forsætisnefndar hefur því andmælaréttur þingmanna við meðferð málsins verið virtur í hvívetna.

3.2. Grundvöllur málsins og heimild forsætisnefndar til að byggja á fjölmiðlaumfjöllun.

Eins og áður hefur komið fram byggist lýsing á málavöxtum og afmörkun hátternis einstakra þingmanna í málinu á umfjöllun í vefútgáfu vikublaðsins Stundarinnar, vefútgáfu vikublaðsins DV og vefritinu Kvennablaðinu, nema annars hafi verið getið. Lá þessi grundvöllur málsins fyrir þegar forsætisnefnd gerði grein fyrir afmörkun þess gagnvart hverjum og einum þingmanni með bréfum, dags. 15.

apríl 2019. Með bréfum þessum fylgdu jafnframt ljósrít af umfjöllun fjölmiðla um tilvitnuð ummæli og þess getið þegar um hljóðbrot var að ræða. Var afmörkun málavaxta byggð á þessum gögnum. Skrifstofa Alþingis fékk aðgang að hljóðupptökum af veitingastofunni Klaustri og lét vélrita þær. Hljóðupptökurnar sem slíkar voru ekki lagðar til grundvallar við afmörkun eða meðferð málsins. Endurrit hljóðupptakanna þjónaði þeim eina tilgangi að sannreyna hvort við umfjöllun fjölmiðla um einstök ummæli hefði verið vikið efnislega frá hljóðupptökunum. Með öðrum orðum var markmiðið að sneiða hjá mögulegum rangfærslum og mati fjölmiðla á ummælunum sem slíkum.

Hinn 22. maí 2019 kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2018/1741 um að hljóðupptökur af veitingastofunni Klaustri hefði farið í bága við lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Rétt er að það komi fram að í úrskurði Persónuverndar reyndi á skilyrði laganna um rafræna vöktun í rými sem almenningur hefur aðgang að. Eftir að krafa þar um kom fram af hálfu AKÁ, BÓ, GBS og SDG, sbr. bréf dags. 28. júní 2019, var hljóðupptökum af samtali þingmannanna á veitingastofunni Klaustri, í vörslu skrifstofu Alþingis, eytt sem og endurritum sem gerð höfðu verið af þeim, þ.m.t. þeim sem afhent höfðu verið siðanefnd eins og fram kemur í álitni siðanefndar, sbr. kafla 2.4. Var þetta tilkynnt með bréfi forsætisnefndar, dags. 1. júlí 2019, og ítrekað að byggt yrði á umfjöllun fjölmiðla, sbr. kafla 2.3.9. Þar sem umræddum hljóðupptökum og endurritum þeirra hefur að kröfu umræddra þingmanna verið eytt verða gögn þessi ekki lögð til grundvallar við meðferð málsins. Bresta þá jafnframt skilyrði til þess að unnt sé að verða við ósk um aðgang að hljóðupptökunum.

Í ljósi athugasemda KGH og ÓÍ frá 5. júlí 2019 um að umfjöllun sem byggði á ólöglega fengnum upplýsingum teldist jafn ólöglegt og hljóðupptökurnar sjálfar skal tekið fram að í fyrirliggjandi máli verður ekki tekin afstaða til heimilda fjölmiðla til að fjalla um hljóðupptökur sem Persónuvernd hefur nú úrskurðað að fari í bága við persónuverndarlög. Þó skal á það bent að dómaframkvæmd Hæstaréttar ber með sér að við mat á því hvort friðhelgi einkalífs setji tjáningarfrelsi fjölmiðla skorður skal líta til þess hvort efnið sem um ræðir eigi erindi við almenning og sé þannig þáttur í þjóðfélagssumræðu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 541/2005 frá 1. júní 2006 og að almennt sé „viðurkennt að rétturinn til að fjalla opinberlega um málefni kjörinna stjórnámálanna sé rýmri en ella og að þeir sem gegni slíkum opinberum trúnaðarstörfum þurfi að þola það að þeir kunni eftir atvikum að njóta lakari verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar heldur en aðrir“, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 29/2018 frá 22. mars 2019. Að mati forsætisnefndar skiptir hér máli að þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi ræddu á opinberum stað um einstaklinga og margvísleg samfélagsleg málefni sem hafa verið áberandi í þjóðfélagssumræðunni. Þá verður einnig að líta til þess nána sambands sem er á milli kjósenda almennt og kjörins fulltrúa og þess hvort kjósendur eigi rétt á að vita hvernig þingmenn móta afstöðu sína til einstakra mála og hvernig þeir lýsa viðhorfum sínum til þeirra.

Ljóst er að í málinu liggur fyrir viðtæk umfjöllun fjölmiðla um hátterni sem átti sér stað á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018. Um er að ræða hátterni þingmanna sem hefur verið á almannavitorði síðan í lok nóvember. Enn fremur verður ekki fram hjá því litið að hátterni þingmannanna sex, sem útlistað hefur verið í fjölmiðlum, hefur haft afleiðingar fyrir störf Alþingis; á þingfundum, á fundum fastanefnda þingsins og í samskiptum milli þingmanna innbyrðis og þingmanna og starfsmanna. Einnig skal bent á að tveir þingmannanna, BÓ og GBS, tóku sér leyfi frá þingstörfum í tæpa tvo mánuði vegna málsins og var KGH og ÓÍ vikið úr Flokki fólksins vegna þess 30. nóvember 2018. Með vísan til framangreinds og í ljósi hlutverks forsætisnefndar skv. 2. mgr. 88. gr. þingskapalaga og þess markmiðs siðareglna að efla tiltrú og traust almennings á Alþingi leiða rík rök til þess að heimilt sé að byggja á fjölmiðlaumfjöllun við mat á því hvort umræddir sex þingmenn hafi brotið siðareglur fyrir alþingismenn með ummælum sem féllu á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018. Hér verður enn fremur að hafa í huga að umræddir þingmenn hafa við meðferð málsins fengið tækifæri til þess að tjá sig um grundvöll málsins eins og hann hefur verið lagður fyrir hvern og einn þeirra auk þess sem þeir hafa á öllum stigum málsins haft rétt til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum, sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Meðferð fyrirliggjandi máls af hálfu forsætisnefndar er því samkvæmt framansögðu óháð þeim þáttum þess, sem kann að varða möguleg brot á lagareglum, sem heyra undir önnur stjórnvöld, þ.m.t. Persónuvernd.

3.3. Þýðing staðfestingar á að þingmaður hafi kynnt sér siðareglur fyrir alþingismenn.

Í málinu liggur fyrir að tveir þingmannanna, SDG og GBS, hafa ekki afhent undirritaða yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér siðareglurnar eins og áskilið er skv. 2. mgr. 5. gr. siðareglanna. Forsætisnefnd tekur fram að í siðareglunum koma fram forsendur sem eru grunnur þess hlutverks sem kjörnum fulltrúum er falið. Eiga þær að vera almennar og til leiðsagnar fyrir þá um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra, sbr. nefndarálit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í 443. máli á 148. lögjafarþingi. Framangreind undirritun þingmanna á því eingöngu að gefa til kynna að þjóðkjörinn fulltrúi sem tekur sæti á Alþingi hafi kynnt sér efni siðareglanna. Það er því ekki rétt eins og ráða má af athugasemdum GBS frá 16. júlí sl. að „þingmenn undirgangist siðareglur með undirskrift sinni“, heldur gilda siðareglur fyrir alla þingmenn óháð undirritunum skv. 2. mgr. 5. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

3.4. Athugasemdir þingmanna við álit siðanefndar frá 5. júlí 2019.

Með afmörkunarbrefum forsætisnefndar 15. apríl 2019 var hverjum og einum þingmannanna ljóst hvaða ummæli sem eftir þeim voru höfð í fjölmiðlum mundu koma til nánari skoðunar af hálfu nefndarinnar. Jafnframt var ítarleg grein gerð fyrir stöðu og framhaldi málsins í afmörkunarbrefunum, sbr. einnig umfjöllun í kafla 2.3. Það er ekki fyrr en með bréfi BÓ, dags. 26. júlí 2019, og bréfi GBS, dags. 16. júlí 2019

(móttakið 26. júlí 2019), að afstaða þeirra til einstakra ummæla, eins og þeim höfðu verið kynnt þau í afmörkunarbrefum forsætisnefndar, liggur fyrir í málinu. Þá liggur fyrir að siðanefnd hafði einnig óskað eftir afstöðu þeirra til afmörkunar forsætisnefndar á ummælum þeirra með bréfi, dags. 29. maí 2019. Frá því að forsætisnefnd afmarkaði grundvöll málsins 15. apríl 2019 og þar til BÓ og GBS var gefinn kostur á að tjá sig um álit siðanefndar 8. júlí 2019 lá fyrir að málavaxtalýsing byggði á umfjöllun fjölmiðla, þ.m.t. þeim hljóðbrotum sem þar var vísað til. Því er ekki hægt að fallast á að eftir að fallist var á kröfu AKÁ, BÓ, GBS og SDG um eyðingu á hljóðupptökunum og endurritum hafi BÓ og GBS fyrst þá verið mögulegt að tjá sig um einstök ummæli sem eftir þeim voru höfð í fjölmiðlum. Liggur því fyrir af hálfu forsætisnefndar að taka afstöðu til athugasemda BÓ og GBS.

Eins og rakið er í kafla 2.5. gerðu BÓ og GBS efnislegar athugasemdir við niðurstöðu siðanefndar um einstök ummæli þeirra. Hvað varðar meint misræmi á milli endurrits hljóðupptaka og þeirra ummæla sem birtust í fjölmiðlum skal það áréttað, sem rakið er hér að framan, að í samræmi við kröfur þingmannanna hefur hljóðupptökum af veitingastofunni Klaustri í vörslu Alþingis sem og endurritum þeirra verið eytt og að byggt er á umfjöllun fjölmiðla, þ.m.t. þeim hljóðbrotum sem þar er vísað til ummæla þeirra.

Það er mat forsætisnefndar að þau ummæli sem eftir BÓ eru höfð, sbr. e-lið í kafla 2.3.2., sem rakin eru í umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018 og hlusta má á, séu rétt eftir höfð. Ekki getur skipt máli að BÓ kveðst ekki lesa Stundina. En fyrir liggur að honum var afhent umfjöllun Stundarinnar, ásamt tengli þar sem nálgast má fréttina á vefnum, þar sem finna mátti tilvitnað hljóðbrot.

Það er enn fremur mat forsætisnefndar að þau ummæli sem höfð eru eftir GBS, sbr. c-lið í kafla 2.3.3., sem rakin eru í umfjöllun Stundarinnar 3. desember 2018 og þar má hlusta á, séu rétt eftir höfð. Af hljóðbrotinu sem þar er vísað til má ljóst vera að orðið „sunddrottning“ er haft eftir BÓ, en orð GBS í lok hljóðbrotsins er orðið „sundkellingin“.

Hvað viðkemur lýsingu BÓ og GBS á samskiptum þeirra við Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, sbr. kafla 2.5., verður ekki séð að lýsingar þeirra á þeim skipti máli við mat á þeim málavöxtum sem raktir voru í afmörkunarbrefum forsætisnefndar 15. apríl 2019 og ekki hefur verið hafnað. Er það niðurstaða forsætisnefndar að lýsing BÓ og GBS á málavöxtum og viðhorf þeirra sem þar koma fram verður ekki lögð til grundvallar við mat á því hvort þeir hafi brotið gegn meginreglum um hátterni og hátternisskyldum alþingismanna samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn.

Hvað viðkemur ummælum BÓ um Ingu Sæland, Írisi Róbertsdóttur og Lilju Alfreðsdóttur og ummæli GBS um fyrrverandi sambýliskonu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar verður ekki séð að skýringar þeirra varpi ljósi á eða útskýri nánar ummæli þeirra um nefndar konur svo að máli skipti við mat á því hvort

Þingmennirnir hafi brotið gegn meginreglum um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn.

Í sameiginlegum athugasemdum AKÁ, BÓ, GBS og SDG, dags. 26. júlí 2019, er vikið að því að málið gangi út á að refs flokki í minni hluta án stoðar í lögum og reglum og að þolendur afbrotsins hafi nú þegar mátt þola grimmilegri refsingu en heimiluð er í nútímasamfélagi. Af þessu tilefni tekur forsætisnefnd fram að alþingismenn sæta ekki viðurlögum vegna brota á siðareglum en skv. 19. gr. þeirra getur forsætisnefnd ákveðið að álit hennar verði aðgengilegt á vef Alþingis.

3.5. Niðurstaða forsætisnefndar um einstök ummæli.

Forsætisnefnd tekur undir með siðanefnd Alþingis í álit nefndarinnar um gildissvið siðareglna og fyrr var vísað til, um að alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi og háttsemiskröfur siðareglna tengjast stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Alþingismenn njóta sérstakra réttinda og bera sérstakar skyldur sem opinberar persónur sem geta haft mikil áhrif á samfélagið. Siðareglur fyrir alþingismenn hafa m.a. þann tilgang að efla ábyrgðarskyldu alþingismanna, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi. Siðareglunum er ætlað að standa vörð um þessi siðferðilegu verðmæti og vera hvatning fyrir þingmenn til góðra verka. Á þessum grundvelli eru í siðareglunum settar fram meginreglur um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna. Meðal þess leiðarljóss sem siðareglurnar veita þingmönnum í störfum sínum er að kasta ekki rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna. Þá er í 7. gr. reglnanna tekið fram að alþingismenn skulu í „öllu hátterni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu“. Hafa þingmenn ákveðið að hátterni þeirra og ummæli á opinberum vettvangi skuli samræmast þeim siðferðislegu viðmiðum sem fram koma í siðareglum fyrir alþingismenn. Að mati forsætisnefndar má hér einnig hafa hliðsjón af 1. mgr. 8. gr. og 73. gr. þingskapa Alþingis um góða reglu, sem á sér stoð í þeim ummælum í skýringum við 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn að undir ákvæðið geti fallið hátterni sem er „talið óviðeigandi af hálfu þingsins“.

Ekki er annað að sjá af fjölmiðlaumfjöllun en að viðkomandi þingmenn hafi aldrei hafnað ummælum sem falla undir afmörkun forsætisnefndar í málinu heldur þvert á móti beðist afsökunar á orðum sínum. Þannig birtist afsökunarbeiðni AKÁ, BÓ, GBS og SDG á Facebook-síðu Miðflokksins 29. nóvember 2018 þar sem beðist var afsökunar á ónærgætnum orðum sem féllu á hótelnarum Klaustri. Þann 29. nóvember 2018 sendi KGH yfirlýsingu á fjölmiðla þar sem hann harmaði ummæli sín, sjá m.a. frétt mbl.is 29. nóvember 2018, kl. 7:43. Í tilkynningu ÓÍ, dags. 1. desember 2018, baðst hann afsökunar á þátttöku sinni í samsætinu á Klaustri, sjá frétt Kjarnans 1. desember 2018, kl. 15:01.

3.6. Ályktunarorð.

Að mati forsætisnefndar hefur siðanefnd lagt mat á hátterni AKÁ, BÓ, GBS, KGH, ÓÍ og SDG á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn. Forsætisnefnd hefur farið yfir niðurstöður siðanefndar og athugasemdir hlutaðeigandi þingmanna frá 26. júlí 2019 ásamt öðrum gögnum málsins sem rakin hafa verið. **Það er niðurstaða forsætisnefndar, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, að fallast beri á mat siðanefndar, sbr. álit hennar frá 5. júlí 2019. Það er því niðurstaða forsætisnefndar að hátterni Bergþórs Ólasonar og Gunnars Braga Sveinssonar 20. nóvember 2018 hafi farið gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Það er jafnframt niðurstaða forsætisnefndar að Anna Kolbrún Árnadóttir, Karl Gauti Hjaltason, Ólafur Ísleifsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi ekki sýnt hátterni 20. nóvember 2018 sem fari gegn siðareglum fyrir alþingismenn.**

Málinu telst þar með lokið af hálfu forsætisnefndar. Um leið og málsaðilum hefur verið kynnt álit þetta verður það, ásamt áliti siðanefndar, birt á vef Alþingis.

Reykjavík, 1. ágúst 2019.

Steinunn Þóra Árnadóttir

Haraldur Benediktsson

Afrit:

Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Gunnar Bragi Sveinsson, Karl Gauti Hjaltason, Ólafur Ísleifsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Hanna Katrín Friðriksson, Helga Vala Helgadóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Jón Steindór Valdimarsson, Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Þorsteinn Víglundsson.

Fylgiskjöl (birt á vef Alþingis):

Bréf Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til forsætisnefndar, dags. 26. júlí 2019.

Bréf Önnu Kolbrúnar Árnadóttur til forsætisnefndar, dags. 26. júlí 2019.

Bréf Bergþórs Ólasonar til forsætisnefndar, dags. 26. júlí 2019.

Bréf Gunnars Braga Sveinssonar til forsætisnefndar, dags. 16. júlí 2019 (mótttekið 26. júlí 2019).

Bréf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til forsætisnefndar, dags. 26. júlí 2019.

Bréf skrifstofu Alþingis til Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnar Braga Sveinssonar, Karls Gauta Hjaltasonar, Ólafs Ísleifssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, dags. 8. júlí 2019.

Álit ráðgefandi nefndar skv. 16. gr. siðareglna alþingismanna í máli nr. 3/2019, dags. 5. júlí 2019.

Bréf Karls Gauta Hjaltasonar og Ólafs Ísleifssonar til forsætisnefndar, dags. 5. júlí 2019.

Bréf Karls Gauta Hjaltasonar og Ólafs Ísleifssonar til forsætisnefndar, dags. 3. maí 2019.

Bréf Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til forsætisnefndar, mótttekið 3. maí 2019.

Bréf forsætisnefndar til Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, dags. 15. apríl 2019.

Bréf forsætisnefndar til Bergþórs Ólasonar, dags. 15. apríl 2019.

Bréf forsætisnefndar til Gunnars Braga Sveinssonar, dags. 15. apríl 2019.

Bréf forsætisnefndar til Karls Gauta Hjaltasonar, dags. 15. apríl 2019.

Bréf forsætisnefndar til Ólafs Ísleifssonar, dags. 15. apríl 2019.

Bréf forsætisnefndar til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, dags. 15. apríl 2019.

Álit ráðgefandi nefndar skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn í máli nr. 1/2018, dags. 25. mars 2019.